



FJÖLMIÐLANEFND

21. október 2021  
Ákvörðun nr. 3/2021

## Skráningarskylda fjölmiðla og viðskiptaboð fyrir áfengi í hlaðvarpinu Dr. Football

### I. Málsvik

#### 1.

Hlaðvarpið Dr. Football er aðgengilegt í gegnum Spotify, Apple Podcasts og aðrar dreifileiðir. Samkvæmt vefsíðu Dr. Football fer fram í hlaðvarpinu „valdeflandi fótboltaumræða á tandurhreinni íslensku“. Efni hlaðvarpsins er knattspyrna og allt sem henni tengist og ræðir Hjörvar Hafliðason þáttastjórnandi hlaðvarpsins við gesti. Þættir hlaðvarpsins bera föst heiti, eins og „Helgaruppgjör Dr. Football“, „Vikulok Dr. Football“ og „Doc Sports Business“, ásamt nánari lýsingu á helsta umfjöllunarefni hvers þáttar. Er nýr þáttur gerður aðgengilegur um fjórum sinnum í viku.

Fjölmiðlanefnd athugaði alla þætti hlaðvarpsins Dr. Football sem gerðir voru aðgengilegir í október 2020. Í þætti 1. október 2020 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**03:23 - Þáttastjórnandi:** „Ólafsson er ginið og Ólafsson er drykkurinn, er ginið hjá Dr. Football.“

Í þætti 6. október 2020 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**02:07 - Þáttastjórnandi:** „Ólafsson vikunnar er því miður Daði Ólafsson sem að fékk rauða spjalðið. Sko Ólafsson ginið góða og það var nú dálítið skemmtilegt að segja frá því að í 10 ár núna hefur maður í raun og veru verið að drekka gott gin. Ólafsson fer klárlega í þann flokk sem besta ginið og það er bara gott á bragðið og manni líður vel að fá sér það. Heyrðu, ég er með einn mikinn gin áhugamann með mér á laugardaginn og Ólafssoninn kláraðist þar sem það voru miklir G&T menn þarna. Nú hann taldi sig nú eiga hérna, fyrst að Ólafssoninn var búinn hjá honum, hann átti Gordons, hérna gamla ...“



## FJÖLMÍÐLANEFND

**Gestur 1:** „Já, já, gamli góði Gordoninn með hattinn.“

**Páttastjórnandi:** „Ég get bara sagt þér það þegar maður fer úr sko hvað maður er búinn að hafa það gott mín kynslóð miðað við að kynslóðin á undan okkur drakk þetta.“

**Gestur 1:** „Já, Gordon og Beefeater, það voru aðal ...“

**Páttastjórnandi:** „Þú veist, þetta er svona eins og hreinsiefni frekar heldur en, heldur en þú veist bara miðað við hvað þetta er gott eins og Ólafsson. Þarna áttaði maður sig algjörlega á því.“

Í þætti 13. október 2020 má heyra páttastjórnanda segja eftirfarandi:

**02:05 - Páttastjórnandi:** „Ólafsson ginið góða er alltaf með okkur og ... drakk vel af því um helgina.“

**Gestur 1:** „Komið í Ríkið.“

**Páttastjórnandi:** „Komið í Ríkið, komið út í öll Ríki. Búinn að smakka þetta?“

**Gestur 1:** „Já, já, þetta er eins og vatn sko.“

**Páttastjórnandi:** „Þetta er nefnilega helvíti gott. Ég reyndar er búinn að komast að því að ég var að tala um þarna gömlu gíntegundirnar, af hverju þær voru svona skrítnar. Þetta var alveg 50% brennivín bara, þú veist það var 50%. Það var styrkurinn á þessu öllu saman þannig að eðlilega urðu menn vel góðir á því en Ólafsson er að sjálfsögðu ginið góða og hvaða svona Ólafsson er í uppáhaldi hjá þér þessa dagana?“

Í þætti 20. október 2020 má heyra páttastjórnanda segja eftirfarandi:

**02:54 - Páttastjórnandi:** „Ólafsson er ginið góða og Ólafsson er stoltur bakhjarl Dr. Football. Ólafsson hefur breytt ginleiknum hér á Íslandi. Keli, hvað ertu gamall?“

**Gestur 2:** „Ég er fæddur árið 1991 svo ég er 29 ára.“

**Páttastjórnandi:** „Já, já þú reiknaðir það í rólegheitunum.“

**Gestur 2:** „Ég hef klikkað á þessu nefnilega. Maður er farinn að gleyma þessu.“

**Páttastjórnandi:** „Ertu byrjaður að drekka gin?“

**Gestur 2:** „Ekkert af neinu viti.“

**Páttastjórnandi:** „Nei, láttu það bara eiga sig, þú ert, þetta er ekkert fyrir þig.“

**Gestur 2:** „Ég er kominn inn í rauðvínið sko.“

**Páttastjórnandi:** „Já, já þú verður að fara að koma þér í ginið.“

**Gestur 2:** „Já, einn daginn.“

**Páttastjórnandi:** „Já, það er ferskt og það er gott og það er svona ... það er einhvern veginn frískandi. Það er létt og þægilegt.“

Auk framangreindra tilvika var vakin athygli á Ólafsson Gini með umræðu um það í þáttum Dr. Football sem gerðir voru aðgengilegir 8. október, 15. október, 22. október, 27. október og 29.



## FJÖLMIÐLANEFND

október 2020. Athugun Fjölmiðlanefndar á þáttum Dr. Football í maí og júní 2021 leiddi í ljós að þá var ennþá athygli vakin á vörumerkinu Ólafsson Gin með umræðu um það í hlaðvarpinu Dr. Football, þar á meðal í þáttum sem gerðir voru aðgengilegir 13. apríl, 4. maí, 6. maí, 3. júní og 15. júní sl.

### II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

#### 1.

Fjölmiðlanefnd samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2020 að óska eftir sjónarmiðum Hjörvars Hafliðasonar vegna ábendinga sem nefndinni höfðu borist vegna hlaðvarpsins Dr. Football. Með tölvupósti dags. 9. nóvember 2020 til Hjörvars Hafliðasonar, sem sendur var á netfangið [hjorvar@drfootball.is](mailto:hjorvar@drfootball.is), sem gefið er upp á vefsíðu Dr. Football, óskaði Fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum og sjónarmiðum vegna ætlaðra brota á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Einnig óskaði Fjölmiðlanefnd eftir því að hlaðvarpið Dr. Football yrði skráð hjá nefndinni í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Í tölvupósti Fjölmiðlanefndar kom fram að nefndinni hefðu borist ábendingar um að hlaðvarpið væri ekki skráð og að þar mætti hugsanlega finna viðskiptaboð sem væru ekki í samræmi við lög um fjölmiðla. Í tölvupóstinum var jafnframt tekið fram hvaða upplýsingar þyrftu að fylgja skráningu í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla og var skráningareyðublað sent í viðhengi. Var þess óskað að svör f.h. hlaðvarpsins Dr. Football myndu berast eigi síðar en 24. nóvember 2020.

Með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020 var fyrrgreint erindi áframsent á netfangið [hjorvar80@gmail.com](mailto:hjorvar80@gmail.com), sem gefið er upp sem netfang Dr. Football á Facebook-síðu hlaðvarpsins, og aftur á [hjorvar@drfootball.is](mailto:hjorvar@drfootball.is). Var svarfrestur jafnframt framlengdur til 1. desember 2020.

Á fundi Fjölmiðlanefndar þann 9. desember 2020 var samþykkt að senda ábyrgðarbréf á heimilisfang Hjörvars Hafliðasonar með erindi nefndarinnar dags. 9. nóvember 2020 þar sem engin svör höfðu borist við því. Var ábyrgðarbréfið póstlagt dags. 16. desember og skráð mótttekið dags. 17. desember 2020. Þar sem breytingar virtust hafa orðið á skráðu lögheimili móttakanda ábyrgðarbréfsins eftir póstlagningu þess var bréfið póstlagt öðru sinni dags. 19. janúar 2021 og sent á skráð heimilisfang Hjörvars Hafliðasonar samkvæmt Þjóðskrá. Var bréfið skráð mótttekið á því heimilfangi dags. 20. janúar 2021. Í erindi Fjölmiðlanefndar kom fram að ítrekað hefði verið reynt að hafa samband við fyrirvarsmann hlaðvarpsins Dr. Football en án árangurs. Var tekið



## FJÖLMIÐLANEFND

fram að ef svör myndu ekki berast við erindi Fjölmiðlanefndar myndi nefndin vinna málið áfram án þess að upplýsingar og sjónarmið f.h. hlaðvarpsins Dr. Football kæmu fram. Var þess óskað að svör f.h. hlaðvarpsins Dr. Football myndu berast eigi síðar en 29. janúar 2021.

### 2.

Á fundi Fjölmiðlanefndar þann 16. mars 2021 kom fram að engin svör hefðu borist við erindi Fjölmiðlanefndar dags. 19. janúar sl. eða öðrum erindum nefndarinnar sama efnis. Var samþykkt að ítreka erindi nefndarinnar með því að senda annað ábyrgðarbréf á heimilisfang Hjörvars Hafliðasonar. Var það póstlagt dags. 9. apríl sl. og móttaka á því skráð 12. apríl sl. Erindið var einnig sent með tölvupósti á netföngin hjorvar@drfootball.is og hjorvar80@gmail.com. Í erindinu var ítrekuð beiðni Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpsins Dr. Football. Fram kom að svör hefðu ekki borist við fyrri erindum nefndarinnar vegna ætlaðra brota á reglum laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Var því á það bent að ef svör myndu ekki berast við ítrekuðum erindum nefndarinnar myndi nefndin vinna málið áfram án þess að upplýsingar og sjónarmið f.h. hlaðvarpsins Dr. Football kæmu fram. Var þess óskað að svör f.h. hlaðvarpsins Dr. Football myndu berast eigi síðar en 27. apríl 2021.

### 3.

Á fundi Fjölmiðlanefndar 15. apríl 2021 var sá hluti framangreinds erindis nefndarinnar til Hjörvars Hafliðasonar er varðaði skráningu hlaðvarpsins til umræðu. Var samþykkt að óskað yrði eftir andmælum og sjónarmiðum Hjörvars Hafliðasonar með frummati ef engin svör myndu berast fyrir svarfrest erindis nefndarinnar dags. 27. apríl sl. Yrði honum þar með veitt lokafæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og sinna skráningarskyldu Dr. Football.

Engin svör bárust fyrir fyrrgreindan svarfrest og var því frummat Fjölmiðlanefndar vegna ætlaðs brots á skráningarskyldu fjölmiðla samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla sent 28. apríl 2021 með tölvupósti á netföngin hjorvar@drfootball.is og hjorvar80@gmail.com. Frummatið var einnig sent með ábyrgðarbréfi á heimilisfang Hjörvars Hafliðasonar og var það póstlagt 30. apríl sl. Bréfið var þó ekki skráð móttakið og var frummatið því sent með stefnuvotti 6. maí sl. á sama heimilisfang. Var móttaka á frummatinu staðfest þar sama dag.



## FJÖLMIÐLANEFND

Í frummatinu kom fram að Fjölmiðlanefnd teldi hlaðvarpið Dr. Football vera fjölmiðil í skilningi laga um fjölmiðla og þar með skráningarskylt. Uppfyllti það skilyrði laganna og teldist miðla með reglubundnum hætti til almennings efni er lyti ritstjórn, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Með því að sinna ekki skráningarskyldu sinni eftir móttöku ábyrgðarbréfs Fjölmiðlanefndar þann 20. janúar sl., þar sem kallað var eftir skráningu Dr. Football, hefði fjölmiðlaveita miðilsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Var tekið fram að með frummatinu væri Hjörvari Hafliðasyni veitt lokafæri á að skrá hlaðvarpið Dr. Football eða eftir atvikum koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að endanlegri niðurstöðu. Ekki væri því um endanlega afstöðu nefndarinnar að ræða og þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Hjörvars Hafliðasonar tilefni til þess. Var þess óskað að athugasemdir og sjónarmið myndu berast eigi síðar en 11. maí sl. Ef erindi Fjölmiðlanefndar yrði ekki svarið fyrir tilskilinn tíma yrði stjórnvaldssekt lögð á fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Dr. Football, með vísan til a-liðar 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla.

### 4.

Þann 10. maí sl. óskaði Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður f.h. hlaðvarpsins Dr. Football eftir tveggja vikna fresti til að svara erindum Fjölmiðlanefndar. Yrði erindum nefndarinnar þá svarað í heild sinni. Jafnframt var óskað eftir afritum af erindum nefndarinnar til Hjörvars Hafliðasonar. Var Heiðrún upplýst um að beiðni hennar um frest f.h. hlaðvarpsins Dr. Football til að svara erindum nefndarinnar yrði lögð fyrir á nefndarfundi 12. maí sl. Var beiðnin samþykkt á fundinum og frestur veittur til 26. maí sl.

Svarerindi f.h. hlaðvarpsins Dr. Football barst Fjölmiðlanefnd með tölvupósti dags. 26. maí sl. Var erindið undirritað af Hjörvari Hafliðasyni. Í erindinu kom fram að frummati Fjölmiðlanefndar væri mótmælt. Hlaðvarpið Dr. Football uppfyllti ekki skilyrði 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla og teldist því ekki fjölmiðill í skilningi laganna. Í fyrsta lagi var vikið í svarerindinu að innleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins 2010/13/ESB (hér eftir hljóð- og myndmiðlunartilskipunin) með lögum um fjölmiðla árið 2011. Ekkert í þeirri tilskipun eða undirbúningsgögnum gæfi til kynna þann vilja að hlaðvörp gætu talist til fjölmiðla. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um fjölmiðla væri ekkert að finna sem benti til þess að það væri vilji löggjafans hér á landi að hlaðvörp einstaklinga gætu talist til fjölmiðla samkvæmt lögnum og að á þá aðila skyldi leggja þá ábyrgð og þær víðtæku skyldur sem kveðið væri á um í lögnum. Hvergi væri vikið að hlaðvarpi í athugasemdum frumvarpsins um ólík form fjölmiðlunar. Ekkert væri því í lögskýringargögnum sem styddi þá túlkun Fjölmiðlanefndar að



## FJÖLMIÐLANEFND

hlaðvarpið Dr. Football teldist fjölmiðill og væri þar með skráningarskyld. Var bent á að bæði Ofcom í Bretlandi og FCC í Bandaríkjunum teldu hlaðvörp ekki fjölmiðla eða skráningarskyld. Regluumhverfi Ofcom ætti rætur að rekja til sömu hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins og legið hefði til grundvallar lögum um fjölmiðla. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um fjölmiðla væri tekið fram að við endurskoðun stjórnarsýslu fjölmiðlamála á Íslandi hefði verið horft sérstaklega til Noregs. Svo virtist sem engin hlaðvörp væru skráð hjá Medietilsynet, fjölmiðlanefnd Noregs, sem framfylgir þarlendum lögum um fjölmiðla. Vekti það reyndar athygli að Medietilsynet héldi úti sínu eigin hlaðvarpi um fjölmiðlamál. Miðað við rökstuðning Fjölmiðlanefndar væri ekki annað ráðið en að Medietilsynet ræki sinn eigin fjölmiðil. Það mætti telja sérstakt og raunar fremur ósennilegt. Líklegra mætti telja að túlkun Fjölmiðlanefndar á hugtakinu fjölmiðill væri röng. Að mati undirritaðs styddi allt þetta þá afstöðu að hlaðvarpið Dr. Football gæti ekki talist fjölmiðill.

Í öðru lagi kom fram í svarerindinu að Dr. Football lyti ekki ritstjórn. Var vísað til skilgreiningar laga um fjölmiðla á hugtakinu ritstjórn í 35. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kæmi fram að skilgreiningin byggji á skilgreiningu hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins auk þess sem fram kæmi mikilvægi samræmdrar túlkunar á hugtakinu innan aðildarríkja EES. Líkt og áður hefði komið fram væri ekki séð að sambærilegar stofnanir innan EES lytu svo á að hlaðvörp lúti ritstjórn og teljist þannig til fjölmiðla. Í hverjum þætti Dr. Football ræddu 2-3 aðilar saman, þ.m.t. undirritaður í flestum tilvikum, um ýmis málefni tengd knattspyrnu. Gæfi undirritaður hlutaðeigandi engar fyrirskipanir eða stýrði með öðrum hætti því sem rætt væri um í hlaðvarpinu. Auk þess væri að meginstefnu til um að ræða umfjöllun um úrslit knattspyrnuleikja. Engin þörf væri á stjórn eða sérstöku vali á slíku efni.

Í þriðja lagi kom fram í svarerindinu að hlaðvarpinu Dr. Football væri ekki miðlað sérstaklega til almennings. Viðurkennt væri að hlaðvörp væru þættir sem væru hljóðritaðir á stafrænt form og þeim síðan hlaðið niður. Engu myndefni væri miðlað með hlaðvarpinu. Notendur hlaðvarpsins sæki þjónustuna með niðurhali eða streymi af erlendum streymisveitum. Að mati undirritaðs fælist ekki í slíku miðlun til almennings hér á landi.

Í fjórða lagi kom fram í svarerindinu að það mætti telja að þau réttindi og þær skyldur sem falla á fjölmiðlaveitur samkvæmt lögum um fjölmiðla samræmist illa eðli hlaðvarps. Væri nóg að líta til þeirra ákvæða sem finna mætti í V. kafla laganna, m.a. um ritstjórnarlegt sjálfstæði, hlutlægniskyldu, kröfu um kynjasjónarmið og setningu málstefnu. Fullyrða mætti að hlaðvörpum yrði „hætt í umvörpum“ ef túlkun Fjölmiðlanefndar á því hvað skuli teljast fjölmiðill fengi að



## FJÖLMIÐLANEFND

standa. Ógerlegt væri fyrir einstaklinga sem halda úti hlaðvörpum að standa undir þeim skyldum sem lög um fjölmiðla kveði á um. Að mati undirritaðs mætti hafa af því áhyggjur hvernig sú þróun samræmist markmiði laga um fjölmiðla um að stuðla að tjáningarfrelsi.

Í frummati Fjölmiðlanefndar var vísað til ummæla þáttastjórnanda í þætti hlaðvarpsins þann 13. október 2020 um að Dr. Football væri „stærsti fjölmiðillinn í Kópavogi“. Með þeim ummælum sínum virtist sem þáttastjórnandi teldi hlaðvarpið vera fjölmiðil. Þessu var mótmælt í svarerindi Dr. Football. Með þessum ummælum hafi ekki falist einhvers konar viðurkenning eða staðfesting á því að hlaðvarpið falli undir lög um fjölmiðla. Aðeins hafi verið um grín að ræða.

Varðandi skráningarskyldu hlaðvarpsins kom að lokum fram í svarerindinu að undirritaður teldi, að öllu framangreindu virtu, að skilgreining hugtaksins fjölmiðill, eins og hún kæmi fram í frummati Fjölmiðlanefndar, væri úr hófi víðtæk. Með henni væri hægt að setja nær öll hlaðvörp og miðlun einstaklinga og lögaðila á samfélagsmiðlum undir sama hatt. Voru tvö tilvik nefnd sem dæmi. Annars vegar miðlun Lindu Ben á uppskriftum og lífstílstengdu efni á Instagram og vefsíðu sinni. Sú miðlun væri með reglubundnum hætti og til almennings ásamt því að Linda stýrði efnistöku. Hins vegar væri um ræða að miðlun fólks á efni á miðlinum OnlyFans. Þar væri einnig um að ræða miðlun á efni til almennings með reglubundnum hætti og jafnframt stýrðu þeir sem framleiddu efni efnistöku. Ekki væri að sjá að miðlun Lindu Ben eða þeir Íslendingar sem miðluðu efni í gegnum OnlyFans væru skráðir sem fjölmiðlar hjá Fjölmiðlanefnd. Tekið var fram að ekki væri leitað eftir því að Fjölmiðlanefnd hlutaðist til um skráningu þessara aðila heldur þvert á móti. Markmiðið væri aðeins að sýna að annað hvort væri orðalag 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla það rúmt að nánast öll miðlun félli þar undir eða túlkun Fjölmiðlanefndar á skilgreiningunni væri of víðtæk. Kom fram að hafa mætti efasemdir um að þetta hafi verið vilji löggjafans.

Varðandi viðskiptaboð í hlaðvarpinu Dr. Football og ætluð brot á reglum um viðskiptaboð fyrir áfengi var í svarerindinu farið fram á að þær athuganir yrðu felldar niður þegar af þeirri ástæðu að, eins og áður hefði verið rakið í svarerindinu, undirritaður teldi hlaðvarpið Dr. Football ekki vera fjölmiðil í skilningi laga um fjölmiðla. Því færi ekki um réttindi og skyldur hlaðvarpsins samkvæmt þeim lögum. Kom fram að undirritaður væri þrátt fyrir það meðvitaður um að önnur lög kynnu að gilda um hlaðvarpið Dr. Football, t.a.m. áfengislög og lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, en um þá löggjöf væri ekki fjallað á vettvangi Fjölmiðlanefndar. Tekið var fram að ef hlaðvarpið Dr. Football verði talið fjölmiðill þá áskyldi undirritaður sér rétt til að koma á framfæri frekari efnislegum athugasemdum vegna þeirra mála er vörðuðu viðskiptaboð í hlaðvarpinu.





## FJÖLMIÐLANEFND

Í lok svarerindisins tók undirritaður fram að honum væri ekki kunnugt um fordæmi fyrir því máli sem hér væri til umræðu. Var því sérstaklega óskað eftir fundi með Fjölmiðlanefnd eða starfsmönnum hennar til að ræða nánar álitæfni málsins. Það væri einlægur vilji undirritaðs að málinu yrði lokið í góðri sátt við Fjölmiðlanefnd.

Fjölmiðlanefnd svaraði svarerindi Hjörvars Hafliðasonar með tölvupósti dags. 27. maí sl. Var upplýst að svörin yrðu lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á næsta fundi hennar. Sama dag var samþykkt að starfsmenn Fjölmiðlanefndar myndu funda með Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur og Hjörvari Hafliðasyni 3. júní sl. að beiðni þeirra. Á fundinum voru álitæfni málsins nánar rædd. Kom fram að afstaða nefndarinnar í málinu hefði ekki breyst og hún teldi hlaðvarpið Dr. Football enn vera fjölmiðil í skilningi laga um fjölmiðla. Niðurstaða fundarins var að veittur var frestur til að koma erindi til nefndarinnar með endanlegri afstöðu málsaðila varðandi skráningu hlaðvarpsins. Bærist ekkert erindi fyrir næsta fund nefndarinnar yrði litið svo á að endanleg afstaða til skráningarinnar fælist í þeim svörum sem bárust dags. 26. maí sl.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 9. júní sl. kom fram að ekkert erindi hefði borist fyrir fundinn f.h. hlaðvarpsins Dr. Football. Var samþykkt að málið yrði unnið áfram út frá fyrirliggjandi svörum og að frummat yrði unnið vegna ætlaðs brots á skráningarskyldu fjölmiðla og ætlaðra brota á reglum laga um fjölmiðla um viðskiptaboð fyrir áfengi.

### 5.

Annað frummat Fjölmiðlanefndar, vegna ætlaðs brots á skráningarskyldu fjölmiðla og á reglum um viðskiptaboð fyrir áfengi, var sent fyrirsvarsmanni hlaðvarpsins Dr. Football 12. júlí 2021. Í frummatinu fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort brotið hefði verið gegn skráningarskyldu fjölmiðla samkvæmt 1. mgr. 14. laga um fjölmiðla og 4. mgr. 37. gr. sömu laga um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi gefa Hjörvari Hafliðasyni, fyrirsvarsmanni hlaðvarpsins, lokafæri á að skrá hlaðvarpið eða eftir atvikum koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um ætlað brot gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Þá kom fram að Fjölmiðlanefnd vildi veita Hjörvari Hafliðasyni, fyrirsvarsmanni hlaðvarpsins Dr. Football, færi á að koma á framfæri sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 4. mgr. 37. gr. sömu laga. Bent var á að niðurstaðan fæli einungis í sér frummat Fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu hennar. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að





## FJÖLMIÐLANEFND

breytast gæfu athugasemdir og skýringar Hjörvars Hafliðasonar tilefni til þess. Jafnframt var á það bent að bærust svör ekki fyrir tilskilinn tíma yrði stjórnvaldssekt lögð á fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Dr. Football, með vísan til a- og n-liðar 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Við ákvörðun sektar skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það eigi við. Var þess óskað að athugasemdir og sjónarmið Hjörvars Hafliðasonar bærust nefndinni eigi síðar en 4. ágúst 2021.

### 6.

Með tölvupósti 4. ágúst 2021 bað Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður um vikufrest f.h. hlaðvarpsins og var frestur veittur til 9. ágúst. Þann 9. ágúst 2021 barst Fjölmiðlanefnd erindi frá lögmanni f.h. hlaðvarpsins, þar sem fram kom að líkt og upplýst hafi verið á fundi með starfsmönnum nefndarinnar væri fullur vilji til þess að haga hlaðvarpinu í góðri sátt við nefndina og að sjálfsgöðu í samræmi við sett lög. Í þeirri viðleitni sé stjórnandi hlaðvarpsins tilbúinn að skrá það hjá nefndinni og óski hann um leið eftir viðræðum til að kanna hvort unnt sé að ljúka hlutaðeigandi máli með sátt, sbr. 52. gr. b. fjölmiðlalaga.

Fjallað var um sáttarbeiðnina á fundi nefndarinnar 11. ágúst 2021. Var það niðurstaða nefndarinnar að ekki væri tilefni til að fallast á beiðni um sátt, sbr. 52. gr. b. laga um fjölmiðla. Var fyrirvarsmanni Dr. Football gefinn frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina, bæði hvað varðaði frummat nefndarinnar um meint brot á ákvæðum laga um viðskiptaboð fyrir áfengi og um skráningu hlaðvarpsins Dr. Football. Var frestur gefinn til 30. ágúst 2021.

### 7.

Þann 30. ágúst sl. barst Fjölmiðlanefnd tilkynning um að fjölmiðillinn Dr. Football hefði skráð starfsemi sína. Upplýst var að kennitala fjölmiðlaveitu væri kennitala sem tilheyrir félaginu Doc Media slf. og að fyrirvarsmáður fjölmiðlaveitu og ábyrgðarmaður fjölmiðils væri Hjörvar Hafliðason.

Þann 30. ágúst sl. barst jafnframt svar Hjörvars Hafliðasonar við seinna frummati Fjölmiðlanefndar frá 12. júlí sl. Þar voru fyrri sjónarmið vegna skráningarskyldu hlaðvarpsins ítrekuð. Fram kom að hlaðvarpið Dr. Football hefði verið skráð hjá Fjölmiðlanefnd, þar sem ekki



## FJÖLMIÐLANEFND

væri tímans né fjármunanna virði að leita endanlegrar afstöðu dómstóla um þá túlkun Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið teldist fjölmiðill. Af þeirri ástæðu teldi fyrirvarismaður hlaðvarpsins að hann hafi orðið við kröfum nefndarinnar og þar með skuli viðurlögum ekki beitt vegna brots gegn 1. mgr. 14. gr.

Viðurkennt var brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með umfjöllun um Ólafsson Gin og tekið fram að fyrirvarsmanni þætti miður að svo hafi verið. Hann hafi þó verið í góðri trú, enda á þeim tíma ekki skráður fjölmiðill. Vísað var til þess að fjallað væri um áfengi á vefsíðum aðila sem miðli efni með reglubundnum hætti á Facebook, Instagram og Snapchat og að ekki verði á annan veg ályktað en að miðlar sem þessir lúti ritstjórn í þeirri merkingu sem Fjölmiðlanefnd leggi í það hugtak.

Fram kom að fari svo að Fjölmiðlanefnd telji að brotið hafi verið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla telji fyrirvarismaður hlaðvarpsins brotin óveruleg og í öllu falli ekki framin af ásetningi. Hafi hann ekki áður brotið gegn lögum með viðskiptaboðum eða auglýsingum í hlaðvarpi sínu og verið að fóta sig í þessu umhverfi. Verandi sérfræðingur í fótbolta en ekki í markaðsmálum eða lögfræði hafi þetta tekist með ágætum en ekki án ágalla eða gagnrýni. Muni hann nú sem fyrr leggja sig fram um að bæta úr.

Þá var í svörum f.h. Dr. Football vísað til fyrri úrlausna Fjölmiðlanefndar vegna brota á 37. gr. laga um fjölmiðla og að fyrirvarismaður Dr. Football telji að fulls samræmis og jafnræðis verði gætt með því að falla frá sektarákvörðun í málinu. Því til stuðnings var vísað til ákvörðunar Fjölmiðlanefndar nr. 3/2016 um viðskiptaboð fyrir áfengi í Morgunblaðinu.

Loks kom fram í svörum f.h. Dr. Football, og þeim gögnum sem lögð hafa verið fram þeim til staðfestingar, að sá kostunaraðili sem um ræðir hafi greitt [...] (Eyland Spirits ehf.)<sup>1</sup> á því tímabili sem umrædd ummæli áttu sér stað.

Fjallað var um skráningu og svör Dr. Football á fundi Fjölmiðlanefndar 7. september 2021 og ákveðið að birta ákvörðun í málinu á grundvelli 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Jafnframt var samþykkt að óska eftir skriflegri staðfestingu á þeirri greiðslu sem tiltekin var í svörum f.h. Dr. Football. Barst sú staðfesting 5. október 2021.

---

<sup>1</sup> Upplýsingar um mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari hafa verið felldar brott, sbr. h-lið 1. mgr. 21. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

### III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

#### 1.

Lög um fjölmiðla gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, sbr. 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla segir að öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna og ekki er leyfisskyld sé skráningarskyld. Fjölmiðlaveita sem ekki stundi leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skuli tilkynna Fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst. Með hugtakinu fjölmiðlaveita er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er fjölmiðill hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Hugtakið hlaðvarp er sérstaklega skilgreint í 22. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla sem það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurrhals. Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram við 22. tölul. að hlaðvarp teljist til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þarfnist ekki nánari útlistunar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram í athugasemdum við hugtakið fjölmiðill í 2. gr. að lagt sé til að hugtakið sé skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmi til framtíðar litið nýjar tegundir fjölmiðla. Í greinargerð frumvarpsins kemur enn fremur fram að ekki sé unnt að setja fram tæmandi talningu á því hvað geti talist vera fjölmiðill í ljósi þeirrar öru þróunar sem á sér stað á þessu sviði. Mikilvægt sé að í framtíðinni verði einstök miðlunarform mátuð við skilgreiningu laganna fremur en að ná utan um þau með tæmandi hætti.

Ritstjórn felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Í 2. gr. starfsreglna Fjölmiðlanefndar segir að fjölmiðlaveita teljist hafa ritstjórn á efni þegar hún hefur forræði yfir því hljóð- og myndefni eða ritefni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti. Þó falli aðeins þeir aðilar undir hugtakið sem stýra og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni og ritefni en byggja framboð sitt ekki einungis á leitarvélum. Þá segir enn fremur að það sé skýr vísbending um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hefur það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og ber þannig ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu fjölmiðilsins. Þjónusta sem ekki hefur þann megintilgang falli á hinn bóginn sjaldnast undir hugtakið fjölmiðill í skilningi laganna. Persónubundnar bloggsíður falli almennt utan hugtaksins fjölmiðill í skilningi laganna. Þá falli



## FJÖLMIÐLANEFND

einstaklingsbundin og persónuleg samskipti á netinu, t.d. á vettvangi Facebook, einnig utan hugtaksins.

Í athugasemdum við hugtakið ritstjórn í 2. gr. frumvarps til laga um fjölmiðla kemur fram að ekki sé einfalt að draga skýr mörk milli þess hvað telst vera fjölmiðill og hvað ekki. Annars vegar sé miðlun sem augljóslega fellur í flokk fjölmiðlunar, eins og dagblöð, sjónvarp, hljóðvarp og netmiðlar, og hins vegar miðlun sem skýrlega falli ekki í flokk fjölmiðlunar, eins og einstaklingsbundin samskipti á Facebook og í tölvupóstum.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Í 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að viðskiptaboð og fjarkaup fyrir áfengi og tóbak séu óheimil. Þá eru gerðar þær kröfur í 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. laganna að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig sé tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að ákvæði 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. sé sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannanlega á markaði fyrir neytendur. Einungis sé heimilt að auglýsa drykki sem hafi minna en 2,25% áfengisinnihald.

## 2.

Í svarerindi f.h. hlaðvarpsins Dr. Football sem barst Fjölmiðlanefnd með tölvupósti dags. 26. maí sl. kom fram að hlaðvarpið lyti ekki ritstjórn. Var vísað til skilgreiningar laga um fjölmiðla á hugtakinu og athugasemda við það hugtak í frumvarpi til laganna. Þar kæmi fram að skilgreiningin byggji á hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og mikilvægi samræmdrar túlkunar á hugtakinu innan EES. Ekki væri séð að sambærilegar stofnanir innan EES lytu svo á að hlaðvörp lúti ritstjórn og teljist þannig til fjölmiðla. Kom fram í erindinu að Hjörvar Hafliðason gæfi engar fyrirskipanir



## FJÖLMIÐLANEFND

eða stýrði því sem rætt væri um. Auk þess væri að megin stefnu til um að ræða umfjöllun um úrslit knattspyrnuleikja og engin þörf væri á stjórn eða sérstöku vali á slíku efni.

Fjölmiðlanefnd bendir á að hljóð- og myndmiðlunartilskipunin, sem innleidd var með lögum um fjölmiðla, nær ekki til hljóðmiðla, þ.e. hljóðvarps og hljóðmiðlunar eftir pöntun. Útvarp, hlaðvarp og önnur hljóðmiðlun fellur því ekki undir tilskipunina heldur nær hún aðeins til myndmiðla (e. audiovisual media services), bæði sjónvarpsútsendinga og myndmiðlunar eftir pöntun þar sem notandi getur horft á dagskrárliði þegar hann kýs og að beiðni hans, sbr. skilgreiningar í 1. gr. tilskipunarinnar. Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 gilda um allar tegundir fjölmiðla og er efnislegt gildissvið þeirra að því leyti mun víðtækara en gildissvið tilskipunarinnar.

Við mat á því hvort hlaðvarp teljist fjölmiðill og sé þar með skráningarskylt hjá Fjölmiðlanefnd er litið til þess hvort hlaðvarpið uppfylli skilyrði laga um fjölmiðla, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. að miðla með reglubundnum hætti til almennings efni er lýtur ritstjórn.

Efni hlaðvarpsins Dr. Football er umfjöllun um knattspyrnu og ræðir Hjörvar Hafliðason þáttastjórnandi við gesti um allt sem henni tengist. Efnistöð lúta m.a. að úrslitum leikja, leikmönnum, þjálfurum, málefnum, atburðum og öðru tengdu knattspyrnu bæði hér á landi og erlendis. Hlaðvarpinu er hlaðið upp og dreift á Spotify, Apple Podcasts og með öðrum dreifileiðum í gegnum notendaaðgang hlaðvarpsins á þeim miðlum. Er nýr þáttur gerður aðgengilegur um fjórum sinnum í viku. Eins og áður hefur komið fram bera þættir hlaðvarpsins föst heiti, eins og „Helgaruppgjör Dr. Football“, „Vikulok Dr. Football“ og „Doc Sports Business“. Í þeim síðastnefnda er t.a.m. fjármálahlið knattspyrnuheimsins sérstaklega til umræðu. Í aðdraganda Evrópumótsins í knattspyrnu og Suður-Ameríkukeppninnar í knattspyrnu í júní 2021 voru tveir þættir hlaðvarpsins Dr. Football sérstaklega tileinkaðir sögu þessara móta. Var sagnfræðingurinn Stefán Pálsson gestur þáttanna.

Yfirleitt er hverjum þætti hlaðvarpsins Dr. Football skipt upp í liði. Þegar umræðan færast yfir í t.d. Meistaradeildina í knattspyrnu eða Pepsi Max deildina heyrir ákveðin tónlist eða stef sem gefur til kynna að sú umræða sé að fara af stað. Einnig má finna fasta liði í þáttunum, t.d. „Lemonsurninguna“, „Landsbyggðin með Stuðlabergi fasteignasölu“ og „Skoðun dagsins með Tékklandi bifreiðaskoðun“. Þetta er þó breytilegt milli þátta og þegar ný viðskiptaboð bætast við.

Með því að ákveða um hvað er rætt í hverjum þætti, hvort sem það eru úrslit helgarinnar í Pepsi Max deildinni eða saga Evrópumótsins í knattspyrnu, stjórnar þáttastjórnandi vali á efnistöku hvers þáttar. Einnig virðist þáttastjórnandi stýra umræðum að einhverju leyti með því að skipta á



## FJÖLMIÐLANEFND

milli þeirra með ákveðinni tónlist eða stafi og einnig með því að velja og skipta yfir í ákveðna liði, eins og „Lemonsprunguna“.

Að framangreindu virtu er það mat Fjölmiðlanefndar að Hjörvar Hafliðason fari með ritstjórn hlaðvarpsins Dr. Football sem þáttastjórnandi þess. Forræði yfir því efni sem miðlað er, val á efnistöfum og skipan efnis er í höndum Hjörvars Hafliðasonar þó að efninu sé dreift á Spotify, Apple Podcasts og annars staðar. Því er ljóst að miðillinn Dr. Football lýtur ritstjórn.

Í svarerindi f.h. hlaðvarpsins Dr. Football sem barst Fjölmiðlanefnd með tölvupósti dags. 26. maí sl. kom fram að viðurkennt væri að hlaðvörp væru þættir sem væru hljóðritaðir á stafrænt form og þeim síðan hlaðið niður. Engu myndefni væri miðlað með hlaðvarpinu. Notendur hlaðvarpsins sæki þjónustuna með niðrhali eða streymi af erlendum streymisveitum. Í slíku fælist ekki miðlun til almennings hér á landi.

Fjölmiðlanefnd telur ljóst að efni hlaðvarpsins Dr. Football sé miðlað til almennings hér landi. Efni þess er á íslensku og er beint að almenningi á Íslandi þótt efninu sé dreift m.a. á erlendum dreifiveitum. Hlaðvarpið er gert aðgengilegt á t.d. Spotify, Apple Podcasts og SoundCloud og er eitt það vinsælasta á Íslandi samkvæmt toppllistum Spotify og Apple Podcasts. Ekki er sérstakt skilyrði í lögum um fjölmiðla að miðla þurfi myndefni svo efni fjölmiðla teljist miðlað til almennings.

Nýir þættir af hlaðvarpinu Dr. Football eru gerðir aðgengilegir um fjórum sinnum í viku. Efni hlaðvarpsins telst því miðlað með reglubundnum hætti.

Við mat á skráningarskyldu fjölmiðla getur Fjölmiðlanefnd litið til fleiri atriða en þeirra sem fram koma í skilyrðum 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa, sem finna má á vef nefndarinnar, eru þau atriði rakin sem fyrst og fremst eru höfð til hliðsjónar við slíkt mat. Má þar nefna sjónarmið um fjárhagslegan ávinning af starfseminni með viðskiptaboðum, áskriftum eða annars konar tekjuöflun, megintilgang hennar, efnistöf viðkomandi miðils og hver heldur honum úti. Vefsíður eða hlaðvörp stjórnvalda, ríkisstofnana, og stéttarféлага, með fréttum og efni af þeirra afmarkaða málefnasviði, þar sem fjölmiðlun er ekki megintilgangur starfseminnar teljast t.d. almennt ekki fjölmiðlar í skilningi laga um fjölmiðla. Í hlaðvarpinu Dr. Football er að finna fjölda viðskiptaboða frá innlendum fyrirtækjum sem er sterk vísbending um að fjárhagslegur ávinningur sé af miðlun hlaðvarpsins og að það falli undir hugtakið fjölmiðill.



## FJÖLMIÐLANEFND

Að öllu framangreindu virtu er það mat Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Dr. Football uppfylli skilyrði laga um fjölmiðla um að teljast fjölmiðill.

### 3.

Í flestum þáttum hlaðvarpsins Dr. Football, sem gerðir voru aðgengilegir í október 2020 og Fjölmiðlanefnd athugaði, var athygli vakin á vörumerkinu Ólafsson Gin. Var umræðan um vörumerkið oft fléttuð saman við knattspyrnumenn sem bera kenninafnið Ólafsson. Í þætti sem gerður var aðgengilegur 1. október 2020 mátti heyra þáttastjórnanda segja að Ólafsson sé „ginið“ og gin Dr. Football. Í þætti sem gerður var aðgengilegur 6. október 2020 tekur þáttastjórnandi fram að Ólafsson Gin fari „klárlega í þann flokk sem besta ginið“, ásamt því að tala um hvað það sé gott og að manni líði vel eftir að hafa drukkið það. Eru aðrar gíntegundir sagðar „hreinsiefni“ miðað við Ólafsson Gin. Í þætti Dr. Football sem gerður var aðgengilegur 13. október 2020 er tekið fram hvar Ólafsson Gin fæst, að það sé komið í búðir og sé „helvíti gott“. Einn gestur þáttarins tók fram að það að drekka Ólafsson Gin væri eins og að drekka vatn. Í þætti Dr. Football sem gerður var aðgengilegur 20. október 2020 kom fram að Ólafsson Gin væri „stoltur bakhjarl Dr. Football“ og hafi breytt „ginleiknum“ á Íslandi. Kom fram að ginið væri ferskt og gott, frískandi, létt og þægilegt. Auk fyrrgreindra þátta var m.a. vakin athygli á Ólafsson Gini í þáttum Dr. Football sem gerðir voru aðgengilegir 8. október, 15. október, 22. október, 27. október og 29. október 2020.

Er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að með því að vekja sérstaka athygli á vörumerkinu Ólafsson Gin í fyrrgreindum þáttum hlaðvarpsins Dr. Football, minnst á gæði þess, gott bragð og sölustaði, ásamt fleiri upplýsingum, hafi umfjöllun um Ólafsson Gin falið í sér óheimil viðskiptaboð fyrir áfengi skv. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

### 4.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Dr. Football sé skráningarskyldur fjölmiðill í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Tilkynning um skráningu fjölmiðilsins Dr. Football barst Fjölmiðlanefnd 30. ágúst 2021. Í bréfi Fjölmiðlanefndar dags. 20. janúar 2021 hafði frestur til skráningar verið veittur til 29. janúar 2021 og með frummati nefndarinnar dags. 12. júlí 2021 hafði sá frestur verið framlengdur til 4. ágúst 2021. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að með því að sinna ekki skráningarskyldu sinni fyrir 4. ágúst 2021 hafi fjölmiðlaveita hlaðvarpsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla.





## FJÖLMIÐLANEFND

Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Er það jafnframt niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um Ólafsson Gin í þáttum hlaðvarpsins Dr. Football sem gerðir voru aðgengilegir 1. október, 6. október, 8. október, 13. október, 15. október, 20. október, 22. október, 27. október og 29. október 2020 teljist til viðskiptaboða fyrir áfengi með yfir 2,25% áfengisstyrkleika og að fjölmiðlaveita hlaðvarpsins hafi þar með gerst brotleg við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn ákvæði 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Dr. Football, Doc Media slf., í samræmi við n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af tekjum af broti, umfangi og alvarleika þess og því að fjölmiðillinn Dr. Football varð ekki við ítrekuðum beiðnum Fjölmiðlanefndar um að skrá starfsemi sína og brást ekki við erindum nefndarinnar fyrr en stefnuvottur var sendur að heimili fyrirsvarsmanns hlaðvarpsins. Jafnframt var við ákvörðun sektarfjárhæðar litið til þess að félagið hefur nú uppfyllt kröfur um skráningu fjölmiðla og að Fjölmiðlanefnd hefur ekki áður birt álit eða ákvörðun vegna brota fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Dr. Football gegn lögum um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

#### IV. Ákvörðunarorð

Doc Media slf. braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla með miðlun viðskiptaboða fyrir vörumerkið Ólafsson Gin, sem er áfengi með yfir 2,25% áfengisstyrkleika, í þáttum hlaðvarpsins Dr. Football, sem gerðir voru aðgengilegir 1. október, 6. október, 8. október, 13. október, 15. október, 20. október, 22. október, 27. október og 29. október 2020.

Doc Media slf. braut gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla með því að sinna ekki skráningarskyldu hlaðvarpsins Dr. Football fyrir 4. ágúst 2021.

Doc Media slf. greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson